

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



17. desember 2019

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 14. mál á 150. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um starfsemi smálánafyrirtækja

Yfirlýst markmið frumvarps þessa er að bregðast við starfsemi svokallaðra smálánafyrirtækja sem bjóða neytendum lán á okurkjörum, skilgreind sem hærri lánskostnaður en er að hámarki leyfilegur samkvæmt íslenskum lögum. Hagsmunasamtök heimilanna telja mikilvægt að haft sé í huga að ekkert slíkt fyrirtæki er lengur starfandi hér á landi. Aftur á móti hafa vörumerki þeirra fyrirtækja sem áður veittu slík lán og eru nú gjaldþrota, verið keypt af dönsku fyrirtæki sem býður slík lán frá Danmörku en í dönskum lögum hafa hingað til ekki verið ákvæði um hámarkslánskostnað.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er gildissvið þess afmarkað við starfsemi smálánafyrirtækja hér á landi. Ef það yrði að lögum er engin ástæða til að ætla að danska fyrirtækið telji sig falla undir þau lög frekar en önnur íslensk lög, heldur blasir við að það muni halda sig við þá fyrri afstöðu sína að um það gildi dönsk lög. Íslensk stjórnvöld hafa engar valdheimildir til afskipta af atvinnurekstri í Danmörku og hefðu því engin tók á að framfylgja slíkum lögum gagnvart hinu umrædda fyrirtæki. Fyrir vikið hefði frumvarpið varla nein áhrif á það sem er yfirlýst markmið þess að bregðast við.

Af lagatæknilegum ástæðum eru Hagsmunasamtök heimilanna ósammála þeirri tillögu sem felst í frumvarpinu að sett verði sérlög um lán til einstaklinga allt að einni milljón króna. Fyrir neytendur er læsileiki lyklatríði og því getur brotakernt lagaumhverfi gengið gegn markmiðum neytendaverndar og dregið úr réttaröryggi. Sem dæmi er skilgreining á gildissviði samkvæmt 1. gr. frumvarpsins á skjön við skilgreiningu neytendalána hvað varðar það skilyrði að lánveiting sé í atvinnuskyni og einstaklingur í stöðu neytanda en sé t.d. ekki að taka lán vegna eigin atvinnurekstrar. Af þeim sökum væri mun heppilegra að færa sérákvæði um smálán í lög um neytendalán nr. 33/2013.

Að þessu sögðu eru samtökin hlynnt þeim hugmyndum sem koma fram í frumvarpinu um að rétt sé að gera ákveðnar lágmarkskröfur til lánafyrirtækja, svo sem upplýsingaskyldu um eignarhald, hæfi og áreiðanleika stjórnenda, starfsábyrgðartryggingu og heilbrigða viðskiptahætti.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is